

For.: **Egill Jónsson**, tæknifræðingur í Garðabæ, f. 4. mars 1940 í Reykjavík, og k. h. **Alma Valdís Sverrisdóttir**, lögfræðingur, f. 18. jan. 1943 í Keflavík.

Föðurfor.: **Jón Bjarnmundur Pálsson**, húsasmíðameistari í Keflavík, f. 4. apríl 1909 í Króki, V.-Skaft., og k. h. **Helga Egilsdóttir**, f. 25. okt. 1916 í Haukshúsi á Álftanesi.

Móðurfor.: **Sverrir Júlíusson**, útgerðarmaður í Keflavík, síðar alþingismaður og forstjóri í Reykjavík, f. 12. okt. 1912 í Keflavík, d. 30. apríl 1990, og k. h. (skildu) Kristín **Ágústa Ágústsdóttir**, húsfreyja í Keflavík, f. 14. sept. 1908 í Vestmannaeyjum.

Námsferill: Stúdent frá MR 1987. Próf í vélaverkfræði frá HÍ 1992. M.Sc.-próf í rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet, DTU, 1994.

Starfsferill: Sumarstörf 1991-93 hjá von Karman Institute, Brüssel og hjá Eimskip. Ráðgjafarstörf á fyrirtækja- og stofnanasviði hjá Landsbréfum hf. frá 1994.

– K. 1995, **Guðríður Ingibjörg Arnardóttir**, f. 4. des. 1967 í Reykjavík, B.A. í frönsku.

For.: **Örn Þórhallsson**, kaupmaður í Reykjavík, f. 9. nóv. 1947 í Reykjavík, og k. h. **Erla Magnúsdóttir**, verslunarmaður, f. 11. febr. 1947 í Reykjavík.

Barn þeirra: a) **Sverrir Eðvald**, f. 24. maí 1992 í Reykjavík.

**Jón Helgi Einarsson**, f. 27. okt. 1964 í Reykjavík, verkfræðingur í Reykjavík.



For.: **Einar Einarsson**, húsvörður í Reykjavík, f. 12. maí 1909 í Kolsholti, Villingaholtshr., Árn., d. 26. ágúst 1994, og k. h. **Halldóra Jónsdóttir**, f. 4. des. 1931 á Hvammeyri við Tálknafjörð.

Föðurfor.: **Einar Gíslason**, bóndi og kennari á Urriðafossi, Villingaholtshr., f. 14. júní 1877 á Egilsstöðum, Villingaholtshr., d. 30. maí 1949, og k. h. **Rannveig Gísladóttir**, f. 31. maí 1881 í Kolsholti, d. 29. júlí 1967.

Móðurfor.: **Jón Bjarni Ólafsson**, bóndi á Hvammeyri, f. 4. júlí 1888 á Lambeyri í Tálknafirði, d. 6. júní 1974, og k. h. **Jóhanna Gíslína Aðalheiður Jónsdóttir**, f. 12. nóv. 1893 í Norðurbotni í Tálknafirði, d. 22. maí 1941.

Námsferill: Stúdent frá MS 1984. Próf í rafmagnsverkfræði frá HÍ 1988. M.S.E.E.-próf frá Purdue University 1990.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá Kerfi hf. 1990-93; hjá Kögun hf. frá 1993.

– K. (óg.) **Dagmey Valgeirsdóttir**, f. 2. júlí 1964 í Reykjavík.

For.: **Valgeir Helgason**, bús. í Reykjavík, f. 22. febr. 1936 í Reykjavík, og k. h. **Guðbjörg Birna Ólafsdóttir**, f. 24. febr. 1934 í Vestmanneyjum.

**Jón Erlendsson**, f. 17. okt. 1946 á Esjubergi á Kjalarnesi, Kjós., yfirverkfræðingur og forstöðumaður í Hafnarfirði.



Móðir: **Ása Hulda Jónsdóttir**, saumakona og verkakona í Reykjavík, f. 15. nóv. 1921 í Reykjavík, d. 18. jan. 1992.

Móðurfor.: **Jón Erlendsson**, skipstjóri, síðar verkstjóri í Reykjavík, f. 6. okt. 1878 í Rjúpnaseli, Hraunhr., Mýr., d. 27. nóv. 1967, og f. k. h. **Dómhildur Ásgrímsdóttir**, f. 3. júlí 1882 í Reykjavík, d. 24. apríl 1928.

Námsferill: Stúdent frá MR 1966. Fyrrihlutapróf í verkfræði frá HÍ 1970. Próf í vélaverkfræði frá LTH í Lundi 1978.

Starfsferill: Starfsmaður Hagsýsluskrifstofu Reykjavíkurborgar 1974-78. Veitti forstöðu Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs 1978-88; sem var fyrsti innlendi aðilinn sem hóf skipulega hagnýtingu gagnabanka með beinlínusamböndum. Hefur veitt Upplýsingaþjónustu Háskólans forstöðu frá 1988.

Félags- og trúnaðarstörf: Í upplýsinganefnd NORDFORSK 1974-76. Í nefnd Rannsóknaráðs um upplýsingamál og upplýsingaþjónustu 1976-

78. Í stjórn Norræna ráðsins um upplýsingamál á sviði vísinda og tækni, NORDINFO 1977-91. Í fjarmiðlunarnefnd Rannsóknaráðs 1978-79. Í nefnd menntamálaráðuneytisins um skóla og atvinnulíf. Í framtíðarnefnd forsætisráðuneytisins, menntamálahópi. Formaður útgáfunefndar Verkfræðingafélags Íslands 1984-86. Í samstarfsnefnd um upplýsingamál 1976-90. Í nefnd Rannsóknaráðs um upplýsingatækni 1980-81. Í tækniupplýsinganefnd AGARD/NATO frá 1980-88. Í verðlaunanefnd fyrir Nýsköpunarkeppni grunnskólanema frá 1992. Átti á námsárum frumkvæði að öflugri samvinnu kennara og nemenda í verkfræðideild 1966-69, um bætta kennsluhætti, samvinnu um námsgagnagerð og stofnun fyrstu fjölritunarstofu HÍ. Átti frumkvæði að þróunarverkefni innan HÍ um námsgagnagerð 1986-88. Forgöngumaður um uppbyggingu á upplýsingamiðstöð um atvinnumál og þróuna sérstaks sjálfsnámskerfis um atvinnumál og tækifærasköpun, auk ýmissa annarra þróunarverkefna. Setti fram 1993 hugmyndir um breytta tilhögun atvinnuleysistryggingakerfisins.

– K. 23. okt. 1976, **Anna Ólöf Bjarnadóttir**, f. 14. júní 1947 í Reykjavík, rannsóknamaður.

For.: **Bjarni Fertram Halldórsson**, kennari og skólastjóri í Keflavík, f. 6. mars 1922 á Hesteyri, Sléttuhr., N.-Ís., d. 6. des. 1989, og k. h. **Guðrún Soffía Björnsdóttir**, f. 27. apríl 1923 í Arney á Breiðafirði.

Börn þeirra: a) **Árni Már**, f. 8. okt. 1979 í Reykjavík. b) **Berglind**, f. 1. júlí 1983 í Reykjavík.

Fósturdóttir Jóns og dóttir Önnu Ólafar: Guðrún Ólöf Hrafnsdóttir, f. 6. apríl 1972, nemi.

**Jón Vestdal Erlendsson**, f. 7. apríl 1908 á Breiðabólsstöðum í Álftanesi, Bessastaðahr., Kjós., d. 24. ágúst 1979, efnaverkfræðingur á Álftanesi.



For.: **Erlendur Björnsson**, útvegsbóndi og hreppstjóri á Breiðabólsstöðum, f. 3. nóv. 1864 á Breiðabólsstöðum, d. 22. maí 1953, og k. h. **María Sveinsdóttir**, f. 1. júní 1866 á Hvítanesi, Skilmannahr., Borg., d. 6. nóv. 1947.

Föðurfor.: **Björn Björnsson**, bóndi á Breiðabólsstöðum, f. 25. ágúst 1822 á Tungufelli, Lundarreykjadalshr., Borg., d. 7. maí 1879, og k. h. **Oddný Hjörleifsdóttir**, f. 20. maí 1839 í Kirkjubæ, Tunguhr., N.-Múl., d. 27. nóv. 1901.

Móðurfor.: **Sveinn Jónsson**, bóndi og stórskipasmiður í Gufunesi í Mosfellssveit, Kjós., f. 24. júlí 1840 á Hvítanesi, d. 20. júní 1884, og **Sigríður Jóhannesdóttir**, vinnukona á Ósi og á Klafastaðagrund, bús. í Katanesi, f. 5. sept. 1840 á Hlöðum, Vatnsleysustrandarhr., Gull., d. 6. júlí 1879.

Námsferill: Stúdent frá MR 1928. Próf í efnaverkfræði frá TH Dresden 1932, Dr.Ing.-próf 1933.

Starfsferill: Vann að matvælarannsóknum 1933-34, forstöðumaður Matvælaeftirlits ríkisins 1934-36. Kennari við VÍ 1933-39. Sérfræðingur í iðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans 1936-55. Forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins 1955-70, jafnframt yfirverkfræðingur verksmiðjunnar 1965-68.

Félags- og trúnaðarstörf: Efnafræðilegur ráðunautur Áfengisverslunar ríksins 1934-39 og tollstjórans í Reykjavík 1934-63. Formaður nefndar til að ljúka rannsóknum og undirbúningi að sementsverksmiðju og gera tillögu um staðsetningu hennar 1949. Formaður stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins 1949-60. Í stjórn VFÍ 1939-44, formaður 1944-46. Í ýmsum nefndum á vegum VFÍ og ríkisstjórnarinnar 1946-68. Formaður félagsins Germania 1951-70.

Viðurkenningar: Heiðursfélagi Germaniu 1972. R 1VBD, RF, KVBD.

– K. 31. mars 1932, **Marianne Elisabet Werner**, f. 22. ágúst 1909 í Dresden, Þýskalandi, meinatæknir.

For.: **Friedrich Johannes Werner**, dr.phil., prófessor í Dresden, f. 5. júní 1875 í Dresden, d. 25. júlí 1946, og k. h. **Elisabeth Richter**, f. 4. nóv. 1872 í Leipzig, Þýskalandi, d. 4. des. 1955.

Börn þeirra: a) **Jóhannes Friedrich**, f. 19. mars 1937 í Reykjavík, kennari á Breiðabólsstöðum á Álftanesi. – K. (skildu), Elín Sólveig Benediktsdóttir, sendiráðsfulltrúi í Reykjavík. b) **Elísabet Marianne**, f. 12. ágúst 1939 í Reykjavík, lic ès-lettres, bús. í Frakklandi. – M. Roger Abéla, dr.pharm.

**Jón Svavar Friðjónsson**, f. 1. nóv. 1944 í Reykjavík, vélaverkfræðingur í Hafnarfirði.